

BORGARRÁÐ 13. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu stýrihóps vegna frístundakorts - R20020124

Eins og margsinnis hefur komið fram hefur frístundakortið tapað sínu upphaflega markmiði þ.e. að gefa börnum tækifæri til að stunda íþróttir. Nú er seilst í það til að láta efnaminni og fátækt fólk nota það upp í greiðslu frístundarheimilis, (frá 2009), greiða fyrir tungumálaskóla sem skilyrði fyrir að sækja um fjárhagsaðstoð og fyrir skuldadreifingu hjá borginni. Nú hefur verið myndaður stýrihópur um frístundarkortið og vill Flokkur fólksins vita um framvindu vinnu hans og gjarnan fá áfangaskýrslu. Í þessu máli þarf að hafa hraðar hendur því verið er að beita börn órétti með því að taka af þeim möguleikann á að nota frístundarkortið til þess sem því var ætlað. Skýrasta dæmið er hverfi 111 en þar er minnsta notkun kortsins í samræmi við tilgang þess. Í þessu hverfi er hæsta hlutfall barna af erlendum uppruna og þar eru einnig flestir með fjárhagsaðstoð í samanburði við önnur hverfi sem skýrir m.a. að nýtingin skuli ekki vera meiri eða ámóta og í öðrum hverfum borgarinnar. Þessu þarf að breyta og horft er til stýrihóps um frístundarkortið að leiðrétta þetta hið fyrsta.